

Stefna um **mannréttindi og samfélagslega ábyrgð**.

1. Inngangur

- 1.1. Eik fasteignafélag hf. (hér eftir nefnt „félagið“) hefur sett stefnu þessa um mannréttindi og samfélagslega ábyrgð sem gildir fyrir félagið sjálft og dótturfélög í samstæðu þess. Í allri sinni starfsemi styður félagið við og virðir mannréttindi eins og þau eru tryggð í stjórnarskrá Íslands og alþjóðlegum mannréttindasáttmálum sem Ísland hefur fullgilt.
- 1.2. Félagið leggur áherslu á þær grundvallarreglur sem endurspeglast í Global Compact sáttmála Sameinuðu þjóðanna um mannréttindi, réttindi starfsfólks, umhverfismál og aðgerðir gegn spillingu. Samfélagsleg ábyrgð félagsins felst í því að félagið leggur sitt af mörkum til þess að stuðla að framförum í samfélaginu með því að gera meira en lög og reglugerðir krefjast.
- 1.3. Um leið og félagið leggur áherslu á að skapa verðmæti og skila arði leggur félagið mikla áherslu á að vera efnahagslega ábyrgt, starfa innan þess lagaramma sem um það gildir, vera siðferðislega ábyrgt og vera eftirsóttur og öruggur vinnustaður. Félagið leggur sig fram um að hafa jákvæð samfélagsleg áhrif og væntir þess að samstarfsaðilar og viðskiptavinir geri sambærilegar kröfur og koma fram í stefnu þessari.

2. Mannauður

- 2.1. Félagið hefur að markmiði að vera spennandi og áhugaverður vinnustaður þar sem jafnrétti ríkir, þannig að hver og einn starfsmaður sé metinn að verðleikum, óháð kyni, kynferði, trú, skoðunum, þjóðernisuppruna, kynþætti, litarhætti, efnahag, ætterni og stöðu að öðru leyti. Virðing er borin fyrir félagafrelsi starfsmanna, rétti þeirra til að kjarasamninga og verkfallsréttar.
- 2.2. Félagið stuðlar að hvetjandi vinnuumhverfi þar sem starfsfólk fær svigrúm til að nýta hæfileika sína og færni. Starfsfólki skal kynnt stefna þessi um mannréttindi og samfélagslega ábyrgð og henni fylgt í daglegum störfum þeirra. Einelti líðst ekki og félagið hefur sett sér stefnu og viðbragðsáætlun í samræmi við reglugerð nr. 1009/2015 um aðgerðir gegn einelti, kynferðislegri áreitni, kynbundinni áreitni og ofbeldi á vinnustöðum og lögum nr. 46/1980 um aðbúnað, hollustuhætti og öryggi á vinnustöðum.
- 2.3. Félagið stendur gegn nauðungarvinnu, mansali og barnaþrælkun. Það er félaginu kappsmál að aðbúnaður starfsfólks sé góður og vinnuumhverfi þess öruggt. Mörkuð hefur verið stefna um heilsuvernd og öryggi sem birtist í öryggishandbók félagsins. Félagið viðurkennir mikilvægi heilsuefingar og styrkir starfsfólk sitt í heilsurækt mánaðarlega.

- 2.4. Félagið styður við góðgerðarmál og er eitt viðfangsefni valið ár hvert sem hlýtur styrk. Þá styður félagið við íslenska menningu, bæði leiklist og tónlist, og góðgerðarmál með láni á húsnæði.

3. Umhverfi

- 3.1. Félaginu er umhugað um umhverfið og leggur áherslu á að starfsemi félagsins stuðli að sem minnstri mengun. Þegar félagið fer í framkvæmdir er þess gætt að förgun úrgangs sé á umhverfisvænan máta auk þess sem þess er gætt í hvívetna að uppfylla lagalegar kröfur á sviði umhverfismála.
- 3.2. Félagið flokkar sorp og stuðlar að flokkun þess í eignum sínum, þar sem því er viðkomið, og eru starfsmenn félagsins hvattir til þess að nota vistvænan ferðamáta til og frá vinnu.

4. Aðgerðir gegn spillingu

- 4.1. Félagið líður ekki hvers kyns spillingu, þar með talið kúgun, mútur og ólöglega starfsemi. Félagið starfar með heiðarleika og traust að leiðarljósi líkt og endurspeglast í siðareglum sem félagið hefur sett sér.
- 4.2. Í samræmi við stefnu félagsins gegn hagsmunaárekstrum skulu stjórn, stjórnendur og aðrir starfsmenn félagsins forðast það að fjárhagslegir hagsmunir þeirra og hagsmunir félagsins stangist á.
- 4.3. Starfsfólk er hvatt til þess að tilkynna stjórnendum eða stjórn um misbresti af framangreindu tagi og önnur siðferðisleg vafamál sem það verður vart við. Starfsmenn skulu ekki á neinn hátt gjalda fyrir að beina slíkum tilkynningum til stjórnar eða stjórnenda.

5. Stjórnarhættir

Félagið fylgir 5. útgáfu leiðbeininga um stjórnarhætti fyrirtækja sem Viðskiptaráð Íslands, Nasdaq OMX Iceland og Samtök atvinnulífsins gáfu út í maí 2015. Félagið hefur frá árinu 2016 notið viðurkenningar framangreindra aðila sem fyrirmyndarfyrirtæki í góðum stjórnarháttum.

6. Eftirfylgni

Stjórn skal fjalla um stefnuna árlega og hafa eftirlit með því að henni sé fylgt og hún framkvæmd með virkum hætti. Gripið skal til viðeigandi aðgerða, í samráði við hagsmunaaðila, vegna atvika sem brjóta gegn stefnu þessari.

Þannig samþykkt á stjórnarfundi 23. september 2020.